

- un í Keflavík alla upphæðina, 59 kr. 88 aur., sem ákærði tók út fyrir eptir ábyrgðarbrjefunum.
4. Hvort Hermann Jónsson hafi fengið þessa upphæð endurgreidda hjá ákærða annaðhvort að öllu leyti, eða að hve miklu leyti.
  5. Hvers vegna Hermann Jónsson hafi greitt það, eða meiri hluta af því, sem ákærði tók út, til verzlunarinnar, þó að honum ekki bæri nein skylda til þess.
  6. Hvar drengurinn Jón Magnússon hafi verið veturinn 1892—1893.
  7. Hvers vegna svo langur dráttur hefur orðið á málinu. Svo ber og að útvega aðrar þær skýrslur, er hinar heimtuðu skýringar kunna að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega framangreindar skýrslur svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 22. janúarmánaðar:

Nr. 28/1893:

Fjörueigendur í Hvamms-  
og Dyrhólahreppum  
gegn

Guðlaugi Guðmundssyni  
sýslumanni.

Dómur:

Með yfirjettarstefnu, útgefinni 11. júlí 1893, hafa eigendur og umráðamenn rekafjaranna í Hvamms- og Dyrhólahreppum í Vestur-Skaptafellssýslu: Halldór Jónsson, Markús Loptsson, Klemens Klemensson, Egill

Gunnsteinsson, Finnbogi Einarsson, Þorsteinn Jónsson, J. Jónsson, Þorsteinn Árnason, Einar Brandsson, Andrjes Andrjesson, Ingveldur Árnadóttir, Jón Þorsteinsson, Anna Stephánsdóttir, Jón Pálsson, Árni Högnason, Einar Finnbogason, Vilborg Magnúsdóttir, Gottsveinn Oddsson, Jón Einarsson, Jón Þorsteinsson, Jón Ólafsson, Grímur Sigurðsson og Ólafur Pálsson áfrýjað til landsyfirdómsins uppboðsúrskurði uppboðsráðandans í Skaptafellssýslu, er kveðinn var upp 17. apríl f. á. svo hljóðandi: »hin frankomnu mótmæli gegn þessu uppboði verða ekki til greina tekin«; svo hafa þeir og áfrýjað uppboði því, er fram fór eptir að úrskurður þessi var upp kveðinn. Fyrir yfirrjettinum hafa áfrýjendurnir gjört þá rjettarkröfu, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og uppboð það dæmt ómerkt, er framfór sama dag eptir honum, og að stefndi sýslumaður Guðl. Guðmundsson verði fyrir hönd þess opinbera dæmdur til að greiða áfrýjendunum, hverjum þeirra að rjetttri tiltölu, söluverð reka þess, sem seldur var á nefndu uppboði, svo og málskostnað eptir mati rjettarins. Loks hafa áfrýjendurnir krafizt þess, að yfirdómari Kristján Jónsson víki úr dómarasæti sínu í málinu, þaræð hann sem settur amtmaður hafi í brjefi til sýslumannsins í Skaptafellssýslu, dags. 20. marz f. á., látið í ljósi það álit um skilning hjer að lútandi laga, er færi í bága við rjettindi þeirra, og mælt fyrir um meðferð rekans samkvæmt því. Að vísu bera málsskjölin það með sjer, að yfirdómari Kristján Jónsson hefur sem settur amtmaður látið í ljósi álit sitt um eignarrjettinn að reka þeim, sem í þessu máli ræðir um, og fyrirskipað um meðferð á honum. En þar sem hann að eins hefur gjört það sem amtmaður, sem er skylt að halda fram

rjetti landssjóðs, og ekki verður sjeð, þar sem brjef hans til sýslumannsins hjer að lútandi ekki hefur verið lagt fram í yfirdóminum, að hann með afskiptum sínum af málinu hafi eindregið látið í ljósi skoðun sína sem dómara á rjettarspursmáli því, sem hjer liggur fyrir, virðist eptir atvikum ekki næg ástæða til þess, að taka kröfu áfrýjendanna í þessu tilliti til greina. Á hinn bóginn hefur stefndi sýslumaður og uppboðshaldari Guðlaugur Guðmundsson krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður og uppboð, verði staðfest, og að áfrýjendurnir verði dæmdir til að greiða málskostnað allan að skaðlausu eða eptir mati dómsins.

Málinu háttar svo, að nálægt miðjum síðastliðnum febrúarmánuði, rak upp á fjörur í Leiðvallar-, Álptavers- og Hvammshreppum í Skaptafellssýslu nokkuð á annað hundrað tylfta af samkynja, söguðum plankavið, ennfremur mastursbút 9 ál. (í Leiðvallarhreppi), bugspjótsbrot 15 ál. (í Álptavershreppi), smáfleka og brot nokkur úr skipi. Síðustu daga marzmánaðar næst á eptir og í byrjun aprílmánaðar barst aptur á land í ofanefndum hreppum, svo og í Dyrhólahreppi, mjög mikið af plankavið og nokkur skipsbrot. Auglýsti þá sýslumaður, hinn stefndi, uppboð á vogrekum þeim, sem rekið höfðu, í Meðallandi 13. apríl, í Álptaveri 14. s. m. og í Mýrdal 17. s. m. Á uppboðinu, sem haldið var í Loftsalahelli í Mýrdal, risu bændur (áfrýjendurnir) upp og mótmæltu því, að timbrið yrði selt til handa hinu opinbera, en gerðu tilkall til þess sem eigendur fjaranna, er timbrið hafði rekið upp á. Úrskurður uppboðshaldara fór í þá átt, sem að framan er frá skýrt, nefnilega, að greindum mótmælum gegn sölunni var hrundið.

Aðalspurningin í máli þessu, sem að eins snertir

umgetiinn reka að því leyti hann bar upp á fjörur í Hvamms- og Dyrhólahreppum, er sú, hvort það er rjett álitid í hinum áfrýjaða úrskurði, að reka þennan beri að heimfæra undir og meðhöndla eptir 1. gr. í opnu brjefi 4. maí 1778, sbr. lög um skipströnd 14. jan. 1876, 4. og 22.—25. gr., en ekki, eins og áfrýjendurnir hafa krafizt, eptir 2. og 3. gr. nefnds op. br., sbr. op. br. 2. apríl 1853. Það virðist mega ráða af málinu, að plankareki sá, sem rak í tjeðum hreppum og sem var alls um 80 tylftir, hafi eigi verið af öðrum viðartegundum en eik, greni eða furu, og það er víst, að í hreppum þessum rak ekki af skipsbrotum nema smábrot ein, sem eigi námu verði því, er cancellibrjef 26. ág. 1809 til tekur. Til þess nú að heimfæra plankareka þenna undir 1. gr. í fyrnefndu opnu brjefi 4. maí 1778 útheimtist samkvæmt lagaboði þessu, sem engin breyting er á orðin að því leyti með lögum um skipströnd 14. jan. 1876, að rekinn »kan have Navn af strandet Skib og Gods«, en það virðist því að eins verða um hann sagt, ef skipsskrokkur fylgir honum eða hann verður heimfærður til ákveðins skipstrands, sem upplýst er um eða miklar líkur komnar fyrir að rekinn stafi frá, en hjer er eigi um slíka vissu eða líkur að ræða, því að þó að ýms skipsbrot hafi um sama leyti og trjárekann borið upp á hinar sömu fjörur, og þessi skipsbrot eða sum þeirra, að minnsta kosti, virðist stafa frá skipreika eða skipreikum, þá eru samt engar líkur komnar fram fyrir því, að trjárekinn standi í nokkru sambandi við þá skipreika eða nokkurn annan skipreika, er menn hafi vitneskju um. Það verður því að álíta, að hjer umræddan trjáreka og skipsbrot beri að heimfæra undir 2. gr. í op. br. 4. maí 1778 og op. br. 2. apríl 1853,

og þar sem það ekki er vefengt í málinu, að áfrýjendurnir sjeu rjettir hlutaðeigendur samkvæmt greindum ákvörðunum, ber að taka til greina kröfu þeirra um að þeir fái í hendur andvirði hins selda reka. Málskostnaður þykir eptir atvikum rjett að falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði uppboðsrjettarúrskurður skal úr gildi felldur og eptirfarandi uppboð ómerkt. Hinn stefndi sýslumaður Guðlaugur Guðmundsson fyrir hönd hins opinbera greiði áfrýjendunum, hverjum þeirra að rjetttri tiltölu, söluandvirði vogreka þeirra, er ræðir um í málinu og sem seld voru á hinu áfrýjaða uppboði. Málskostnaður fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 29. janúarmánaðar.

Nr. 32/1893:

Sigfús Eymundsson

gegn

Sigurði Jónssyni.

D ó m u r :

Fyrir nokkrum árum var gagnáfrýjandi máls þessa Sigurður Jónsson, að brjótast í því að koma á fót fje­lagi, er hjeldi út gufubát til ferða um Faxaflóa, og